

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Valdimars L. Friðrikssonar um blóðgjafir og Blóðbankann.

1. *Hversu margir blóðgjafar komu á ári í Blóðbankann árin 2000–2005, hversu mikið blóð var gefið á þessum árum og hver var mesti fjöldi blóðgjafa á einum degi á tímabilinu?*

Samanlagður fjöldi heimsókna í Blóðbankann var á þessu tímabili 18–20 þúsund á hverju ári. Samanlagt var safnað u.þ.b. 13.500–15.000 einingum heilblóðs á hverju ári á þessu tímabili. Minna má á að í hverri einingu eru 450 ml, þannig að um er að ræða allt að 6.750 lítra af heilblóði sem safnað er á hverju ári. Árlega eru notaðar um 13.500–15.000 einingar af rauðkornaþykkni, árleg notkun af blóðvökva var 3.000–5.000 einingar og einingar af framleiddu blóðflöguþykkni voru 1.200–1.400 árlega.

Mesti fjöldi heimsókna blóðgjafa á einum degi í Blóðbankann við Barónsstíg var 228 blóðgjafar þann 28. nóvember 2002 og 222 blóðgjafar þann 25. nóvember 2004. Í báðum tilvikum varð að snúa blóðgjöfum frá vegna þess að eigi hafðist undan. Í þeim tilvikum hafði skapast mikil eftirspurn eftir blóðhlutum á skömmum tíma.

2. *Hversu mörg stöðugildi voru hjá Blóðbankanum á árunum 2000–2005?*

Á þessu tímabili voru að meðaltali 40–42 stöðugildi í Blóðbankanum, starfsmenn um 50.

3. *Hversu marga fermetra hefur Blóðbankinn undir starfsemi sína?*

Núverandi húsnæði Blóðbankans er um 650 fermetrar að brúttóstærð.

4. *Er fyrirhugað að endurbæta húsnæði Blóðbankans eða flytja hann í nýtt húsnæði og þá hvenær?*

Endurnýjun á húsnæði Blóðbankans hefur verið til skoðunar undanfarin ár. Hefur þar bæði verið til skoðunar að byggja nýtt húsnæði sem og að leigja. Þarfalýsing fyrir leiguhúsnæði er í lokagerð og er þar gert ráð fyrir u.þ.b. tvöföldun á húsnæði. Óskað hefur verið eftir heimild fjármálaráðuneytisins til að auglýsa eftir húsnæði, en svar hefur ekki borist enn.